

LÖG

um vísitölu byggingarkostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar, skal breytt til samræmis við endurskoðun, sem farið hefur fram á honum, sbr. 7. gr. laga nr. 93/1975, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Grunntala vísitölunnar með breyttum grundvelli skal miðuð við byggingarkostnað í Reykjavík í desember 1982, og síðan skal hún reiknuð fjórum sinnum á ári miðað við byggingarkostnað í fyrra hluta mánaðanna mars, júní, september og desember. Við þessa ákvörðun vísitölu byggingarkostnaðar hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

2. gr.

Vísitala samkvæmt verðlagi í desember 1982 með grunntölu 100 miðað við október 1975 skal gilda á tímabilinu janúar-mars 1983. Eftir það skal hver vísitala, reiknuð samkvæmt síðari málsgrein 1. gr., gilda í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ. e. í apríl-júní, júlí-september og október-desember 1983, o. s. frv.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 93/1975 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í desember 1982.

3. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar með grunntölu 100 í desember 1982 skulu tengdar við vísitölur með grunntölu 100 í október 1975 sem hér segir: Fyrr nefndar vísitölur eins og þær eru með 2 aukastöfum skulu margfaldadar með desembervísitölu 1982 (október 1975 = 100), og síðan deilt með 100. Sú útkoma, sem þá fæst, skal sléttuð með því, að sleppt sé broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í eitt stig. Hagstofan annast þennan útreikning og birtir niðurstöður hans jafnóðum. — Hliðstæð tenging skal eiga sér stað milli vísitalna með grunntölu 100 í desember 1982 og vísitalna með grunntölu 100 hinn 1. október 1955 (sbr. lög nr. 25/1957).

4. gr.

Til frekari upplýsingar og til fyrirgreiðslu í sambandi við verkamninga er Hagstofunni heimilt að reikna og birta vísitölur, er sýna byggingarkostnað á öðrum tímum en þeim, sem lögfestir eru í þessum lögum. Slíkar vísitölur mega t. d. vera með þeim hætti, að þær miðist við breytta launataxta frá því, sem var í síðustu lögbundinni vísitölu, en við óbreytt verðlag að öðru leyti.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 93/1975, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.